

GJALDSKRÁ

HS Veitna hf. fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

HS Veitur hf. selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS Veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að mati HS Veitna hf.

Vatnsrennsli að húsinu verður mælt með þar til gerðum magnmælum eða af sérstökum ástæðum, að mati HS Veitna hf., takmarkað með magnhemli.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi á Suðurnesjum greiða samkvæmt magnmæli:

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	<i>m. 24% vsk</i>	
Til húshitunar (80°C frá dælustöð)	135,81	150,7491		kr./m ³
Til húshitunar (90°C frá dælustöð)	149,42	165,8562		kr./m ³
Til annarra nota	135,81		168,4044	kr./m ³
Til iðnaðar*	115,44		143,1456	kr./m ³

* verulegur hluti framleiðslukostnaðar

Ef ekki er talið hægt að innheimta eftir magnmæli skal greiða samkvæmt magnhemli:

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
Húshitun l/m á ári (80°C frá dælustöð)	48.385,00	53.707,00	kr.
Húshitun l/m á dag (80°C frá dælustöð)	132,56	147,14	kr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi í Vestmannaeyjum greiða samkvæmt magnmæli:

<i>Til íbúða húshitunar</i>	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
VM1 m ³	328,52	348,40	kr./m ³
VM2 m ³	82,02	86,96	kr./m ³
VM2 kWh	5,50	5,83	kr./kWh

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: www.os.is.

<i>Til húshitunar annars en íbúða</i>	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
VM3 m ³	308,89	342,87	kr./m ³
VM4 m ³	76,76	85,20	kr./kWh
VM4 kWh	5,13	5,69	kr./kWh

4. gr.

Fastagjald fer eftir stærð mælis/hemils og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir á Suðurnesjum:

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	<i>m. 24% vsk</i>	
Mælir eða hemill allt að 20 mm	9.054,00	10.050,00	11.227,00	kr./ár
Mælir eða hemill allt að 20 mm	24,81	27,53	30,76	kr./dag
Mælir allt að 25–50 mm	18.140,00	20.135,00	22.494,00	kr./ár
Mælir allt að 25–50 mm	49,70	55,16	61,63	kr./dag
Mælir 65 mm og stærri	36.247,00	40.234,17	44.946,00	kr./ár
Mælir 65 mm og stærri	99,31	110,23	123,14	kr./dag

Fastagjald fer eftir stærð mælis og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir í Vestmannaeyjum:

<i>Flokkur og stærð mæla</i>	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	26.728,00	29.668,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	73,23	81,28	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25–50 mm	53.255,00	59.113,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25–50 mm	145,90	161,95	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	106.754,00	118.497,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	292,48	324,65	kr./dag

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldþagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS Veitur hf. ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS Veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

<i>Rúmmál húss utanmál m³</i>	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
DN 20 mm heimæð	310.000	344.100	kr.
DN 25 mm heimæð	409.000	453.990	kr.
DN 32 mm heimæð	520.000	577.200	kr.
DN 40 mm heimæð	590.000	654.900	kr.
DN 50 mm heimæð	1.350.000	1.498.500	kr.
Bráðabirgðatenging t.d. vinnuskúrar	35.000	38.850	kr.

Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra umfram 50 metra (20 metra innan lóðamarka).

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar en fyrir heimæðar 50 mm og stærri er kostnaðarverð reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

	<i>án vsk</i>	<i>m. 24% vsk</i>	
Púlsmerki frá mæli	18.436	22.861	kr.
Ídráttarrör fyrir rafmagnsheimtaug og fjarskipti	33.695	41.782	kr.

III. KAFLI

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS Veitur hf. hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	<i>án vsk</i>	<i>m. 24% vsk</i>	
Opnunargjald	7.086,00	8.786,64	kr.

9. gr.

Eftirlitsmanni HS Veitna hf. skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hita-gjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 11% bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar og opnunargjald þar sem virðisaukaskatturinn er 24%.

Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2% orkusatts á smásöluverð.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS Veitna hf., staðfestist hér með samkvæmt heimild í orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnar-tíðindum. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 1358/2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. ágúst 2021.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Benedikt Árnason.

Hreinn Hrafnkelsson.